

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 923 — 615. mál.

**Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
við munnlegri fyrirspurn um
þverfaglegt endurhæfingarráð
frá Þuríði Backman**

Virðulegi forseti.

Háttvirtur 10. þingmaður Norðausturkjördæmis hefur beint til mín fyrirspurn í tveimur liðum. Annars vegar spyr þingmaðurinn hvort stofnað hafi verið þverfaglegt endurhæfingarráð. Hins vegar er spurt hvort frestað verði breytingum á hæfingar- og endurhæfingarþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss þar til heildstætt þverfaglegt mat hafi farið fram á þjónustuhörf þeirra einstaklinga sem nú vistast í Arnarholti og Kópavogi og hvort endurhæfingarráð muni koma að því mati.

Því er fyrst til að svara að ekki hefur enn verið hrint í framkvæmd þeirri ákvörðun að koma á fót þverfaglegu endurhæfingarráði, líkt og fram kemur í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Mál endurhæfingar hafa verið í almennri skoðun, bæði innan ráðuneytisins og meðal þeirra stofnana, sem að endurhæfingu koma. Hafa þær viðræður meðal annars leitt af sér vissa verkaskiptingu milli stofnananna, sem ég tel af hinu góða. Skipun hins þverfaglega endurhæfingarráðs hefur dregist af þessum sökum en ég tel að brátt verði tímabært að skipa það formlega.

Hins vegar hef ég skipað starfshóp til að fara yfir og fjalla um þá starfsemi og þá skjólstæðinga sem nú vistast í húsnæði Landspítala - háskólasjúkrahúss á lóð þess í Kópavogi og í Arnarholti. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar úr heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Starfshópnum er ætlað að skoða sérstaklega tengsl og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu við þessa einstaklinga og hvernig þessari þjónustu verði best fyrir komið.

Þá er starfshópnum einnig ætlað að athuga mögulega framtíðaruppbyggingu á þessum stöðum. Skal þá bæði horft til hugsanlegrar þjónustu á sviði heilbrigðismála og félagsmála, svo sem nýtingu lóðanna og mannvirkja til annarrar heilbrigðisþjónustu, t.d. fyrir barnageðdeild í Kópavogi og lokaða geðdeild í Arnarholti.

Ég bind miklar vonir við vinnu þessa starfshóps sem gert er ráð fyrir að skili tillögum sínum í byrjun september 2004.

Starfshópurinn kynnti nýlega fyrir mér frumathugun sína á stöðu endurhæfingarmála og þeirri þjónustu sem í boði hefur verið við endurhæfingardeild Landspítalans í Kópavogi, bæði þjónustu við þá vistmenn sem þarna dvelja, sem og þá sem koma frá heimilum sínum. Tel ég mikilvægt að leita allra leiða til að viðhalda þeirri þjónustu sem þarna hefur verið í boði og er sú vinna nú í gangi á vegum starfshópsins og ráðuneytisins. Það er trú mín að finna megi leiðir til að þessi mikilvæga starfsemi,

sem þarna hefur veitt fjölbreytta endurhæfinu, geti haldið áfram, hugsanlega með einhverjum breyttum rekstrarforsendum.

Starfshópurinn hefur í byrjun einbeitt sér að málum þeirra, sem endurhæfingu hafa þegið í Kópavogi en hann mun síðan skoða nánar mál þeirra skjólstæðinga sem dvelja í Arnarholti. Er því ekki tímabært að ákveða um frekari aðgerðir af hálfu ráðuneytisins fyrr en hópurinn hefur skoðað nánar mál þau, sem að Arnarholti snúa, og hann kynnt mér skoðun sína á þeim.

Virðulegi forseti

Eins og fram hefur komið í svari mínu til háttvirts þingmanns, þá eru hin mikilvægu mál, sem hún vekur máls á, í skoðun. Vonast ég til þess að finna megi lausnir á vandanum hið fyrsta.

(Talað orð gildir)